

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Deiliskipulag fyrir Höfða, svæði A2 á Húsvík.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 7. desember 2021 deiliskipulag fyrir Höfða, svæði A2 á Húsvík. Í deiliskipulaginu eru lóðarmörk, byggingarreitir og byggingarheimildir innan lóða endurskilgreind. Syðst á svæðinu verða til tvær nýjar lóðir þar sem Laugarbrekka gekk niður á hafnar­svæðið en gatan verður aflögð á þessu svæði þar sem að komin er ný tenging niður á hafnar­svæðið.

Með þessari gildistöku fellur úr gildi deiliskipulag Höfða sem var samþykkt í bæjarstjórn Húsavíkur 21. desember 1999.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Húsvík, 17. janúar 2022.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. janúar 2022